

25. júlí 2024

Varðar: Ránargötu 22 – fyrirspurn. USK24070006

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lögð fram fyrirspurn Halldóru Traustadóttur, dags. 1. júlí 2024, um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 22 við Ránargötu og stiga niður í bakgarðinn. Einnig er lögð fram skissa, dags. 1. júlí 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Húsið að Ránargötu 22 er staðsett á skilgreindu íbúðasvæði ÍB1 Framnes.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 22 við Ránargötu er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara byggt árið 1932. Húsið er steinsteypt. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess hvort að heimilt yrði að setja svalir á fyrstu hæð hússins, staðsettar á bakhlið. Þar sem að húsið er byggt fyrir 1940 skal leitast eftir umsögn Minjastofnunar, sbr. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í umsagnarbeiðni til Minjastofnunar skal útfærsla svala, stærð, lögun og framsetning þeirra vera skýr.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við uppsetningu svala á bakhlið hússins að Ránargötu 22.
- Vegna aldurs hússins skal afla umsagnar Minjastofnunar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, verkefnastjóri